



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi

Nefndarsvið  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/949*  
*komudagur 3.3.2005*

Reykjavík, 24. febrúar 2005  
Tilvísun: 2005020017

**Efni: Umsögn um skýrslu um umfang skattsvik á Íslandi, 442. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að skýrsla um umfang skattsvika hafi verið unnin.

Höfundar skýrslunnar áætla að tapaðar skatttekjur ríkis og sveitarfélaga geti numið 8,5-11,5% af heildarskatttekjum opinberra aðila. Á verðlagi ársins 2003 nemur þessi upphæð 25,5-34,5 milljörðum. Þetta eru mjög háar upphæðir. Til að setja þetta í samhengi við aðrar stærðir má nefna að einstaklingar greiddu 65 milljarða í tekjuskatt árið 2003. Áætluð skattsvik nema því á bilinu 39-53% af tekjuskatti allra einstaklinga í landinu!

Höfundar skýrslunnar telja vísbendingar um að skattsvikum vegna vanframtalinna tekna og svartrar atvinnustarfsemi hafi minkað, skattsvikum vegna bókhalds- og framtalssvika hafi fjölgað en að skattsvik í gegnum erlend samskipti hafi aukist mikið á undanförunum árum.

Mikilvægt er að gripið verði til aðgerða til að draga úr skattsvikum. Sérstaklega þarf að huga að því að koma í veg fyrir skattsvik í gegnum erlend samskipti en slík skattsvik virðast skv. skýrslunni færast í vöxt. Alþýðusambandið leggur á það áherslu að þegar verði hafist handa við að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum úrbótum. Í skýrslunni er að finna fjölda tillagna og ábendinga um aðgerðir í því skyni.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason  
Hagfræðingur ASÍ